

FRÁSÖGN

af aprílfundum Norðurlandaráðs í Ósló 13.–14. apríl 2010

Aprílfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Ósló 13.–27. janúar sl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Helgi Hjörvar, formaður, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Illugi Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Ásmundur Einar Daðason, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál til umfjöllunar á fundunum voru sveigjanlegir vinnumarkaðir, nýsköpun, Helsinki-sáttmálinn, neytendavernd og val á forseta Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd, velferðarnefnd og borgara- og neytendanefnd héldu sameiginlegan fund ásamt fulltrúum Eystrasaltþingsins og Benelux-þingsins um sveigjanlega vinnumarkaði fyrir innflytjendur. Á fundinum fjallaði Baiba Rivža, formaður menntamála-, vísinda- og menningarmálanefndar Eystrasaltþingsins, um svæðisbundna vinnu Eystrasaltsríkjanna við að auka stöðugleika og draga úr fólksflutningum frá löndunum, og auka menntun, vísindi og nýsköpun. Line Eldring, sérfræðingur hjá Fafo, óháðri norski rannsóknamiðstöð, fjallaði um þróun flutninga launafólks til Norðurlanda eftir stækkun Evrópusambandsins árið 2004. Einnig fjallaði Bart Tommelein, forseti Benelux-þingsins, um reynslu Benelux landanna, sérstaklega Lúxemborgar, af því að taka á móti launafólki frá öðrum löndum, til að mynda frá Portúgal, og stefnu yfirvalda um vinnuframlag launafólks af erlendum uppruna en án þess myndi efnahagur landsins hrynja.

Menningar- og menntamálanefnd, efnahags- og viðskiptanefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd héldu sameiginlegan fund um sjálfbæra nýsköpun og verðmætasköpun á Norðurlöndum. Á fundinum fluttu erindi Ivar H. Kristensen, framkvæmdstjóri norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICE), um hvernig norrænt samstarf stuðlar að sjálfbærri verðmætasköpun, Michael Andersson, ráðgjafi hjá norræna rannsóknarráðinu (Nordforsk), um loftslagslíkön í norrænu samstarfi um öndvegisrannsóknir, Amund Vik, ráðgjafi hjá Norrænum orkurannsóknum (Nordisk energiforskning), um norræna raforkuveitu, og Elisabeth Ljunggren, ráðgjafi hjá rannsóknarstofnun Norðurlands í Noregi (Nordlandsforskning), um nýsköpun í matvæla- og ferðamannaiðnaði.

Helstu mál til umfjöllunar á fundi forsætisnefndar voru Helsinkisáttmálinn og neytendavernd. Landsdeild Svíþjóðar hefur lagt fram tillögu um yfirferð Helsinkisáttmálans með hugsanlegar breytingar í huga. Forsætisnefnd var sammála um að árangursríkast væri að Norðurlandaráð gerði tillögur um hvaða atriðum ætti hugsanlega að breyta í sáttmálanum og ákvað að senda tillöguna til umsagnar landsdeilda og flokkahópa ráðsins til að kanna afstöðu þeirra til breytinga og þá um hvaða atriði sáttmálans.

Erkki Tuomioja hefur lagt til að Norðurlandaráð fjalli um tillögu um tilskipun um neytendavernd innan ESB, sem brátt verður tekin til umfjöllunar hjá Evrópuþinginu. Tillagan felur í sér staðlaða neytendavernd í ESB, sem á vissum sviðum er lakari en á Norðurlöndum. Málið er einnig til umfjöllunar hjá borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs. Forsætisnefnd ákvað að fela Henrik Dam Kristensen í borgara- og neytendanefnd að fylgja málinu eftir milli funda með því að eiga samskipti við norræna þingmenn á Evrópuþinginu og norræna ráðherra.

Kjörnefnd hélt áfram umfjöllun sinni um aðferð við vali á kandídötum til forseta Norðurlandaráðs. Fyrir fundinum lá tillaga miðflokkahópsins um að landsdeild formennskulands skyldi velja forsetakandídat innan sinna vébanda, með þeim fyrirvara að forseti skyldi ekki koma úr röðum sama flokkahóps fleiri en tvö ár í röð. Ákveðið var að vísað tillögunni til flokkahópanna til umsagnar innan tveggja vikna og að skrifstofa Norðurlandaráðs skyldi að því loknu gera drög að nefndaráli.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og á www.norden.org